

# Á skólabekk á sextugsaldri

Kanadamaðurinn Rob Sailsbury flutti til Ísafjarðar í haust til að stunda nám við Háskóla-setur Vestfjarða. Rob settist niður með blaðamanni og ræddi um lífið á Ísafirði, Vestfirði og þá ákvörðun sína að setjast á skólabekk á Íslandi.



— sjá bls. 20

# Grallararnir á Hótel Ísafirði

Félagarnir Trausti Már Grétarsson, matreiðslumeistari og Smári Helgason þjónn, eru gamansamir drengir. Þeir gefa lesendum BB upp áhuga-verðar páskauppskriftir, jafnt í mat sem drykk auk þess sem þeir segja nokkrar skemmtilegar sögur úr bransanum.



— sjá bls. 24 og 25.



## Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Miðvikudagur 27. mars 2013 · 12. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak



# Gleðilega páska!

Skíðasvikan á Ísafirði verður sett kl. 17 í dag með sprettgöngu í miðbæ Ísafjarðar. Síðan tekur hver viðburðurinn við af öðrum. Í blíðviðrinu um síðustu helgi tóku fjölmargir forskort á sæluna og skemmtu sér á skíðum og brettum í Tungudal og á Seljalandsdal. Meðal þeirra sem voru í Tungudal voru vinkonurnar Lilja Sigrún Róbertsdóttir og Bergrín Guðmundsdóttir.



Vantar þig íbúð til leigu?

Hafðu samband sími: 456 6600



- HANDRÍÐ & HILLUR
- SANDBLÁSIÐ GLER
- MILLIVEGGIR
- OG MARGT FLEIRA

**SPEGLA DAGAR**  
SENDIUM UM ALLT LAND



**30% AFSLÁTTUR**

€ VOTTAB

**Span**  
GLER OG SPEGLAR  
SÍÐAN 1989

SMÍÐJUVEGI 7 • KÓPAVOGI • 54 54 300

EINFÖLD REIKNIVÉL  
Á EBOX.IS

**eBOX**  
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA  
SMÆRRI SENDINGAR



eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskíps á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

**EIMSKIP**  
eBOX

Eimskíp | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

# Fyrsta skrefið af mörgum

„Þetta er auðvitað algerlega klikkuð hugmynd. Að setja það í hendur heimamanna að úthluta fjármunum til verkefna innan landshlutanna. Já, algerlega geggið fannst mörgum og finnst eflaust enn, en eins og t.a.m. Þór-oddur Bjarnason formaður stjórnar Bygðastofnunar hefur bent á, þá er þetta ein af sterkustu leiðum sem hægt er að fara í byggðamálum,“ sagði Albertína Friðbjörg Elíasdóttir formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga í erindi sínu í Þjóðmenningarhúsinu á föstudag við undirritun samninga um Sóknaráætlanir í átta landshlutum. Samningarnir voru undirritaðir að viðstöddum nokkrum ráðherrum, fulltrúum

landshlutasamtaka sveitarfélaga um land allt og fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samningarnir taka til sex til sextán verkefna í hinum einstöku landshlutum en alls eru verkefnir 73 og fjárhæð samninganna alls um 620 milljónir króna. Alls var Vestfjörðum úthlutað 50 milljónum til verkefnisins, en Albertína Friðbjörg skrifaði undir samninginn fyrir hönd Vestfjarða. Í erindi sínu sagði Albertína m.a. að það hefði engan veginn verið einfalt að endurskipuleggja stoðkerfi atvinnulífsins með þeim hætti sem gert var í sóknaráætlun Vestfjarða. Það hafi þó verið gert með stæl, eins og Vestfirðinum einum er lagið.

„Verkefnin sem samþykkt voru í Sóknaráætlun Vestfjarða eru hvort öðru metnaðarfullra, en öll eiga þau það þó sameiginlegt að vera raunhæf og fyrst og fremst til þess fallin að gera Vestfirði að enn betri landshluta,“ sagði Albertína, en fjárveiting til Sóknaráætlunar Vestfjarða að þessu sinni er til eins árs og var sérstök áhersla lögð á atvinnu og nýsköpun, menningarmál, menntun og rannsóknir og markaðsmál við úthlutunina í ár.

Albertína sagði að vinnan við gerð Sóknaráætlunar Vestfjarða hafi verið lærdómsríkt. Hér hafi verið tekið eitt af fyrstu raunverulegu skrefunum í byggðamálum. „Það væri hægt að gera lítið úr

þessu og benda á hversu miklir fjármunir urðu eftir í ráðuneytunum í stað þess að fara út í landshlutana. En fyrir landshluta eins og Vestfirði skiptir sóknaráætlun og fjármunirnir sem henni fylgja ósegjanlega miklu máli. Vissulega er þessi upphæð, fimmtíu milljónir, aðeins dropi í hafið af því sem raunverulega þarf að setja í uppbyggingu á Vestfjörðum en þetta er vonandi aðeins byrjunin,“ sagði Albertína.

„Nú lítum við svo á að ekki verði aftur snúið og vonandi getum við sammælt um langtímaáætlun sem taki á fleiri málaflokkum en hér er gert í dag og strax á næsta ári verði gengið frá sáttmála um heildstæða áætlun

sem felur í sér uppbyggingu samgangna á Vestfjörðum, hringtengingu ljósleiðara og auknar rannsóknir á náttúru og samfélagi Vestfjarða. Því miður verður að segja að allt þetta er nokkuð sem hefur sannarlega setið á hakanum þegar kemur að Vestfjörðum. En við erum vonandi með þessu að ná vopnum okkar á ný og þetta er sannarlega jákvætt skref í áttina.“

Auk Albertínu tóku til máls Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra, Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. – *gudmundur@bb.is*



**Lestun á Pioneer Bay, flutningaskipi Samkipa, sem kom til Ísafjarðar í dag í fyrsta sinn á nýrri siglingaleið.**

## Stíga skrefinu lengra

„Samskip reið á vaðið og kynnti nýja siglingaáætlun 21. febrúar. Það sem þessi nýja siglingaráætlun gerir er að skapa framleiðendum á svæðinu ómæld tækifæri í út- og innflutningi frá landsbyggðinni. Við siglum héðan beint á erlendar hafnir. Fólk ruglar þessu saman við þá strandflutninga sem ríkið ætlaði að bjóða út. Munurinn er að við siglum beint til erlendra hafna en strandflutningar ríkisins byggðust á því að safna öllum vörum til Reykjavíkur og sigla þaðan. Við göngum skrefinu lengra en þær strandsiglingar sem Ög-

mundur vildi fara út í. Ef það hefði orðið að veruleika hefði kostnaður framleiðenda verið svipaður og áður, þeir hefðu borgað fyrir forflutning á sjó til Reykjavíkur í staðinn fyrir að nota flutninga eftir vegakerfinu,“ segir Kristín Hálfðánsdóttir, rekstrarstjóri Samskipa á Ísafirði, en fyrsta millilandaskip Samskipa lagðist að bryggju á Ísafirði á miðvikudag. Skipið siglir frá Ísafirði til Akureyrar og Reyðarfjarðar og þaðan beint á erlendar hafnir.

„Framleiðendur hér losna við forflutning og sitja við sama borð

og framleiðendur á suðursvæðinu hvað varðar útflutning á vörum. Framleiðandi hér er ekki lengur fjær kaupanda en þeir sem eru nær Reykjavík. Við þurfum alltaf að flytja vöruna til Reykjavíkur fyrst, sem kostar tíma og peninga, og skerti samkeppnishæfni fyrirtækja á Vestfjörðum. Eftir að þessi siglingaleið kom til, jafnast samkeppnisstaðan. Ef aðeins hefðu verið strandsiglingar, eins og ríkið lagði upp með, hefði kostnaðurinn við að flytja vöruna til Reykjavíkur verið áfram til staðar, hvort sem ríkið eða sendandinn greiðir hann.

Strandsiglingar ríkisins urðu algjörlega ástæðulausar þegar Samskip steig skrefinu lengra með því að sigla beint til erlendra hafna,“ segir Kristín, en ofan á lækkun sendingarkostnaðar bætist umtalsverður tímasparnaður þar sem ekki þarf að skipa öllum vörum upp í Reykjavík.

„Fyrirtæki voru að glata tíma, það tók framleiðendur á Ísafirði lengri tíma en fyrirtæki í Reykjavík að fá sínar afurðir greiddar. Það breytir öllu að Ísafjörður sé útflutningshöfn. Þar sem siglt er beint til erlendra hafna frá Ísafirði fær höfnin öll vörugjöldin. Þetta

er lýsandi dæmi um það þegar markaðurinn grípur inn í,“ segir Kristín. Samskip sá um álfutning frá Reyðarfirði en missti verkefnið til norsks fyrirtækis í útboði. Sama skipið sá um útflutninginn á álinu og innflutning Samskipa á vörum. „Við sáum þar með tækifæri á að breyta siglingaáætluninni og gátum á þennan hátt komið til móts við framleiðendur á landsbyggðinni,“ segir Kristín, en hún er að vonum ánægð með nýju siglingaleiðina og komu Pioneer Bay til Ísafjarðar, en það markar nýtt upphaf bæði fyrir Samskip og útflutningsaðila.



Einar Kristinn Guðfinnsson,  
57 ára, Bolungarvík.



Haraldur Benediktsson,  
46 ára, Vestra-Reyni.



Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir,  
46 ára, Tálknafirði.



Sigurður Örn Ágústsson,  
42 ára, Geitaskarði.



Sara Katrín Stefánsdóttir,  
27 ára, Skagafirði.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir,  
25 ára, Akranesi.



Rósa Guðmundsdóttir,  
30 ára, Grundarfirði.



Heiða Dís Fjeldsted,  
33 ára, Borgarfirði.



Berglind Guðmundsdóttir,  
39 ára, Hvammstanga.



Dána Ósk Heiðarsdóttir,  
42 ára, Búðardal.



Gunnar Atli Gunnarsson,  
24 ára, Ísafirði.



Guðmundur Kjartansson,  
57 ára, Reykholti.



Einar Brandsson,  
50 ára, Akranesi.



Jens Kristmannsson,  
71 árs, Ísafirði.



Sigríður G. Jónsdóttir,  
36 ára, Heydals.



Ásbjörn Óttarsson,  
50 ára, Rifi.

# Kraftur og reynsla

Hér eru frambjóðendur okkar, breiður hópur fólks með mikla reynslu á ólíkum aldri. Við komum alls staðar að úr kjördæminu, karlar og konur til helminga.

Við höfum öll burði, getu og reynslu til að vinna fyrir og endurspegla allt kjördæmið.

Sjálfstæðisflokkurinn **XD**

Samkaup

úrval

góðir grannar

...sjá uppskrift

„Einfalt og gott!  
Lambalæri  
steikt í  
hvítlauks- og  
rósmarínsmjöri”

verð áður 1.598 kr/kg

Úrvals lambalæri

**1.294** kr/kg

úr kjötborði eða pakkað ferskt

36%  
afsláttur

verð áður 1.698 kr/kg

Frosið lambalæri **1.087** kr/kg

*Gledilega páska!*

...sjá uppskrift

„Ananas- og  
salvísúsósa  
með lamba-  
steikinni”

samkaupurval.is

verð áður 4.798 kr/kg

**Úrvals lambafilé 3.838** kr/kg

úr kjötborði eða pakkað ferskt



**Ódýrt**

**1.498** kr  
pk

**Frosnar kjúklingabringur**

900g, danskar



**50%**  
afsláttur

verð áður 398 kr/kg

**Ananas 199** kr/kg



**Útgefandi:** Gúttó ehf., kt. 680501-2620  
**Afgreiðsla og ritstjórn:** Silfur götu 1, Ísafirði, sími 456 4560  
**Ritstjóri BB og bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is  
**Ábyrgðarmenn:** Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is  
 Sigurjón J. Sigurðsson  
**Blaðamenn:** Guðmundur B. Þorbjörnsson, guðmundur@bb.is  
 Hörður Andri Steingrímsson, hordur@bb.is  
**Auglýsingar:** Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is  
**Prentvinnsla:** Litróf ehf.  
**Upplag:** 2.200 eintök  
**Dreifing:** Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum  
**Stafræn útgáfa:** www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is  
**Önnur útgáfa:** Á ferð um Vestfirði  
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

## Ritstjórnargrein

# Þrískipt hátíð

Fyri tíma fólk kveið jafnan fyrir árstímanum, sem nú er að baki: Þorranum og Góunni, hverrar þræll kvaddi á mánudaginn. Kvíði fólksins kom til af mörgum, einkum þó af því að þá var hvorki til að dreifa húsakynnum né tækjum og öðru því, sem nútímamaðurinn býr við, til að mæta veðurhörkunni, sem alla jafnan mátti búast við að ríkti, meira og minna, þessa tvo myrku mánuði. Spurningin: Hvernig þreyjum við Þorran og Góuna? lifir enn, þótt ekki sé sami kvíðinn að baki og fyrr. Allt um það voru vorjafndægur í miðri síðustu viku; dagurinn lengist, myrkið gefur eftir.

Í áraradír hefur Ísafjörður tekið heljarstökk, hvað fjölfjölda varðar, yfir páska hátíðina. Lengi vel var fólksmergðin rakin til Skíðavíkkunnar, landsfrægu, þegar „gamlir“ Ísfríðingar flyktust til bæjarins til að njóta útivistar í Paradís skíðamanna. Margir minnst árunna þegar Gullfoss, flaggskip Íslendinga, lá við festar á Ísafirði, sem hótél skíðavíkugesta. En nú er Snorrabúð stekkur, hvað það varðar og Skíðalandsmótin talin falla betur að öðrum tíma. En Skíðavíkan blífur og tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður, hefur heldur betur haslað sér völl; einstakur viðburður, sem haldið hefur nafni bæjarins á lofti, allt frá því að draumur Mugison-feðga varð að veruleika; hljómléikahátíð, þar sem listamenn keppast við að fá að koma fram, þiggjandi það eitt að launum að fá magafylli; hátíð þar sem tugir heimamanna vinna í sjálfböðavinnu, að undirbúningi og framkvæmd, dögum saman. Sama fórnfýsin heldur Skíðavíkunni uppi. Er hægt að ætlast til meira?

\*

Með sanni má segja að Dymbilvíkan á Ísafirði sé þrískipt: Páska hátíðin, trúarleg hátíð kristinna manna, þar sem krossfestingu og upp- risu Krists er minnst; Skíðavíkan, vika endurfunda ættingja og vina og útivistar; Aldrei fór ég suður, tónlistarhátíð sem vaxið hefur með hverju árinu, sem líðið hefur; þrjár hátíðir, í einni og sömu almanaksvíkunni; ólíkir viðburðir, sem sátta hefur verið um að ættu samleið.

\*

Bæjarins besta óskar lesendum sínum og landsmönnum öllum gleðilegrar páska hátíðar. Gestir Skíðavíku og Aldrei fór ég suður eru boðnir velkomnir til bæjarins, með þeirri ósk að þeir njóti verunnar í vetrarfaðmi hinna annars „bláu fjalla“ og fari héðan með góðar minningar og fullir vona um að sagan endurtaki sig eigi þeir góða heimkomu.

s.h.

## Spurning vikunnar

Hendir þú mat?

Alls svöruðu 534.

Já sögðu 247 eða 46%

Nei sögðu 287 eða 54%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Grunnskólinn á Ísafirði.

# Hlutfallslega fæstir kennarar með réttindi á Vestfjörðum

Nær 87% kennara í grunnskólum á Vestfjörðum eru með kennsluréttindi, en kennurum með kennsluréttindi hefur hlutfallslega fjölgað jafnt og þétt á Vestfjörðum frá árinu 2008, en þá voru einungis 64% kennara á svæðinu með réttindi. Hlutfall kennara með kennsluréttindi eru þó minna á Vestfjörðum en á landsvísu þar sem hlutfallið tæplega 96% og hefur aldrei verið hærra. 13% kennara á Vestfjörðum eru án kennsluréttinda en einungis 4% kennara á landinu öllu.

Þetta kemur fram í nýlegri úttekt Hagstofu Íslands, en hæst er hlutfall réttindakennara á landinu í Reykjavík þar sem 98,7% kennara hafa kennsluréttindi. Aðeins á Vestfjörðum og á Austurlandi (89%) hafa eru færri en 90% kennara með kennsluréttindi.

Hlutfall kennara með kennsluréttindi á landsbyggðinni hefur aukist hratt undanfarin ár, frá því að vera undir 50% á tíunda áratug síðustu aldar í einstaka landshlutum, þ.m.t. á Vestfjörðum. Árið 2002 voru einungis 53,3%

kennara á Vestfjörðum með kennsluréttindi á meðan 80% kennara á landinu öllu höfðu kennsluréttindi. Kennurum með kennsluréttindi hef fjölgað jafnt og þétt síðustu tíu ár. Athygli vekur að á landsvísu hefur starfsfólki við kennslu fækkað á undanföllum árum. Haustið 2012 voru 7.279 starfsmenn í 6.550 stöðugildum í grunnskólum á Íslandi. Þar af voru 4.784 starfsmenn við kennslu í 4.534 stöðugildum. Starfsfólki fækkaði því fjórða árið í röð á landsvísu.

# Hlutfall innflytjenda hæst á Vestfjörðum

Hlutfall innflytjenda af mannfjölda er hæst á Vestfjörðum, en þar eru 12,7% íbúa innflytjendur af fyrstu eða annarri kynslóð samkvæmt skráningu 1. janúar síðastliðinn. Næst hæst er hlutfallið á Suðurnesjum þar sem 12,3% mannfjöldans eru innflytjendur eða börn þeirra. Lægst er hlutfallið á Norðurlandi vestra, en þar eru um 4,3% mannfjöldans innflytjendur eða börn þeirra. Á Vestfjörðum bjuggu alls 890 innflytjendur í upphafi árs 2013. Flestir þeirra búa í Ísafjarðarbæ, eða 493. Í Bolungarvík búa 145 innflytjendur og 142 í Vesturbyggð.

Líkt og undanfarin ár eru Pólverjar lang fjölmennasti hópur innflytjenda hér á landi. Þann 1. janúar síðastliðinn var 9.371 einstaklingur upprunninn frá Póllandi búsettur hér á landi, eða 36,1% allra innflytjenda. Næst fjölmennasti hópur innflytjenda er frá

Litháen, 5,4%, en 5,3% frá Filippseyjum. Á Vestfjörðum eru búsettir 420 Pólverjar, eða rétt um helmingur allra innflytjenda á svæðinu. 196 innflytjendur af pólskum uppruna búa í Ísafjarðarbæ, 87 í Bolungarvík og 86 í Vesturbyggð.

Samkvæmt skilgreiningu Hag-

stofunnar er innflytjandi einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar hans og báðar ömmur. Önnur kynslóð innflytjenda eru einstaklingar sem fæddir eru á Íslandi og eiga foreldra sem báðir eru innflytjendur.



Innilegar þakkir færur við öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru

## Karenar Ragnarsdóttir

Sérstakar þakkir fær hjúkrunarfólk á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og heimahjúkrun á Ísafirði

Páll Sigurðsson

Ragnar Ágúst Kristinsson

Helga Kristinsdóttir

Haraldur Kristinsson

Sigríður Þóra Hallsdóttir

Sigvaldi K. Jónsson

Sveinfríður Unnur Halldórsdóttir



ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ KRYDDA SJÁLFUR




K.S. FROSID LAMBALÆRI **1098 KR.KG**

ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ KRYDDA SJÁLFUR



K.S. FROSIN LAMBABÓGUR **779 KR.KG**

ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ KRYDDA SJÁLFUR



K.S. FROSID LAMBAFILLET **3198 KR.KG**



FROSNAR GRÍSALUNDIR **1498 KR.KG**

## AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS UM PÁSKANA

Þriðjudagur 26.mars **11.00-19.00**  
 Miðvikudagur 27.mars **10.00-20.00**  
 Fimmtudagur 28.mars **10.00-19.00**  
**Föstudagur 29.mars LOKAÐ**  
 Laugardagur 30.mars **10.00-19.00**  
**Páskadagur 31.mars LOKAÐ**  
 Mánudagur 1.apríl **11.00-18.30**



**KJARNAFÆÐI**  
**KJARNAFÆÐI KOFAREYKT ÚRBEINAD HANGIKJÖT**  
 HANGILÆRI **2798 KR.KG**  
 HANGI FRAMPARTUR **1898 KR.KG**




**BÓNUS NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR**  
**1395 KR. KG**



**129 KR. 2 ltr.**

KJÖT Á GÓ... FÆÐI Í BÓNUS KJÖ



**KJARNAFÆÐI**

**1398 KR. KG**

**KF FERSKT KRYDDAÐ HEIDA-LAMBALÆRI**



**98 KR. 5 STK**

**BÓNUS FIMM FLATKÖKUR Í PAKKA**



**459 KR. 170gr**

**BÓNUS HANGIÁLEGG 170 gr**

**ÓDÝRUSTU FROSKU KJÚKLINGA-BRINGURNAR Í BÓNUS**  
**1579 KR. 900 GR**



**KYCKLINGFILÉ**  
 STYCKFRYSTA, KÖTTHÁLT 80%  
 900 g e



**149 KR. 185ml**

**BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI 10% & 18%**



**298 KR. 250gr**

**BÓNUS FETI 250gr**



**998 KR. KG**

**OS HEIMILISOSTUR: VERÐ ÁÐUR 1279 KR.KG**



Húsið á Arngerðareyri.

# Heimildarmynd um Arngerðareyri

„Húsið hefur alltaf vakið áhuga minn þegar ég hef keyrt þar framhjá og ég hef velt því fyrir mér hvernig lífið á Arngerðareyri var á árum áður,“ segir Tinna Magnúsdóttir dagskrárgerðarmaður, en hún vinnur nú ásamt Brynju Dögg Friðriksdóttur að gerð

heimildarmyndar um húsið á Arngerðareyri í Ísafjarðardjúpi. Húsið, sem einnig er þekkt undir nafninu gamli kastalinn, á sér langa og mikla sögu en það var byggt árið 1928 þegar lífið á Arngerðareyri var í miklum blóma. Þar hélt verslun Á. Ásgeirssonar

á Ísafirði úti þjónustu og Kaupfélag Nauteyrarhrepps rak þar sláturhús. Í heimildarmyndinni munu viðtöl við fyrrum íbúa og gesti á Arngerðareyri spila stórt hlutverk.

Þær Tinna og Brynja hafa sett upp heimasíðu, kastalinn.com, í

þeim tilgangi að vekja athygli á gerð heimildarmyndarinnar og gefa fólki kosti á að hafa samband við þær ef upplýsingar um húsið og staðinn eru fyrir hendi.

„Heimasíðan er í raun hluti af rannsóknarferlinu og með henni erum við að reyna að ná til fólks og fá þannig sögur og þær minningar sem fólk hefur af staðnum,“ segir Tinna, en á heimasíðunni er hægt að skoða myndir af staðnum, sjá stiklu um heimildarmyndina og hafa samband við framleiðendur myndarinnar.

„Í dag erum við að taka viðtöl við fólk sem bjó á staðnum og reynum að draga fram gamla tímanna,“ segir Tinna, en hún og Brynja vinna einnig náið með núverandi eigendum íbúðarhússins á staðnum. „Hjónin Claudia og Matthias frá Þýskalandi festu

kaup á húsinu fyrir nokkrum árum og eru að gera það upp. Við fylgumst með framkvæmdum þeirra síðasta sumar en þá voru gluggar og hurðir sett upp í húsinu.“

Aðspurð hvenær myndin verður tilbúin segir Tinna stefnt að frumsýningu vorið 2014 en það ráðist þó af gangi framkvæmdanna í húsinu. „Við viljum fylgja hjónunum eftir og fylgjast með því hvernig þau gera húsið upp,“ segir Tinna en um leið leggur hún áherslu á að myndin vilji fanga þá stemningu sem ríkti á Arngerðareyri á fyrri árum. „Því biðlum við til þeirra sem hafa yfir einhverjum upplýsingum, sögum, myndum eða minningum að ráða um staðinn að hafa samband við okkur.“

– gudmundur@bb.is

Hárkompaní

Silfur götu sími 456 6363

**Vorum að taka inn mini-stand af Smashbox línunni**

**Þar á meðal BB kremið, meik, augnskugga, varalit og ýmislegt fleira**

**Erum einnig með naglalökkun og naglaherði frá OPI**

smashbox  
O.P.I

ARTICA

Finnu okkur á

facebook

## Eldsvoðinn upplýstur

Karlmaður á þrítugsaldri hefur viðurkennt að vera valdur að eldsvoða sem varð í Fánasmiðjunni á Ísafirði 24. júní á síðasta ári. „Það er mikill léttir að þetta sé búið að uppgötvast. Það er horft svolítið til eigenda fyrst þegar svona kemur upp og það er mikill léttir að við höfum verið hreinsaðir af öllum grun en rekstrarlega breytir þetta ekki neinu. Þetta á eftir að fara í gegnum dómskerfið og við verðum að sjá hvernig það fer,“ segir Örn Smári Gíslason, framkvæmdastjóri Fánasmiðjunnar á Ísafirði, en hann segir að niðurstaðan komi honum á óvart.

„Það er kannski ámælisvert hvað rannsóknin tók langan tíma því þetta lá nokkuð snemma fyrir. Það kom ekkert fram, fyrst var

sagt að kviknað hefði í út frá rafmagni. Það var ekki gott að hafa það hangandi yfir sér þar sem einn eigenda er rafmagnsverkstaði. Það lá fyrir frá fyrstu dögum að þetta hefði verið íkveikja,“ segir Örn Smári. Í brunanum skemmdust nær öll tæki, lager og búnaður félagsins. Þó slapp silkiprentvélin sem prentar fyrir-tækjafánana. Henni var mjög fljótlega komið í gang aftur eftir brunann og þannig hélt starfsemin áfram en fánar voru prentaðir annars staðar fyrir viðskiptavinum Fánasmiðjunnar. Fánasmiðjan var opnuð með viðhöfn í janúar eftir að búið var að hreinsa út brunarústirnar og koma upp nýjum búnaði.

– hordur@bb.is



# Gefðu sparnað í fermingargjöf



**Feringarkortið er inneignarkort** sem hentar þeim vel sem vilja gefa sparnað í fermingargjöf. Landsbankinn greiðir 5.000 króna mótframlag þegar fermingarbörn leggja 30.000 krónur eða meira inn á Framtíðargrunn.

Feringarkortið er gjöf sem leggur grunn að fjárhag framtíðarinnar. Kortið kemur í fallegum gjafaumbúðum og fæst án endurgjalds í útibúum Landsbankans.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





**Guðni Albert Einarsson, framkvæmdastjóri Klofningur ehf. og Snorri Sturluson, skólastjóri Grunnskólans á Suðureyri.**

## Færði Grunnskólanum 22 spjaldtölvur

Fiskvinnslufyrirtækið Klofningur ehf. á Suðureyri fagnaði á dögnum 16 ára afmæli sínu. Í tilefni af áfanganum afhenti Klofningur Grunnskólanum á Suðureyri 22 spjaldtölvur að gjöf. Í Grunnskóla Suðureyrar eru 40 nemendur og ljóst er að spjald-

tölvurnar munu opna ýmsa skemmtilega möguleika í skólastarfinu. „Þetta er alveg frábær gjöf og í rauninni draumur allra skólanna. Þetta eykur möguleika okkar, sérstaklega í sambandi við sérkennslu og einstaklingsmiðað nám,“ segir Snorri Sturluson

skólastjóri Grunnskólans á Suðureyri.

Snorri segist vona til þess að skólastarfið verði líflégra, sveigjanlegra og skemmtilegra með tilkomu spjaldtölvanna. „Í raun eru þetta tölvur en þær eru færnanlegri en venjulegar tölvur. Þetta gefur

okkur meiri möguleika.“

Klofningur ehf. er fyrirtæki sem sérhæfir sig í vinnslu á aukaafurðum úr fiski, svo sem þurrkun fyrir Nígeríumarkað, marningsvinnslu, söltun, loðdýrafóðursvinnslu og fleira. Fyrirtækið er með fimm starfsstöðvar á Vest-

fjörðum, tvær á Suðureyri og svo á Ísafirði, Brjánslæk og Tálknafirði. Á síðasta ári var unnið úr ellefu þúsund og fjögur hundruð tonnum af hráefni. Fyrirtækið er í eigu helstu fiskvinnslufyrirtækja á Vestfjörðum auk einstaklinga.

– gudmundur@bb.is

## Lagnirnar munu þola vatnsmagnið

Áætlað er að framkvæmdir við gerð ofanflóðavarna undir Gleiðarhalla á Ísafirði hefjist í maí. Í vikunni var haldinn íbúafundur á Ísafirði þar sem framkvæmdin var kynnt. Ýmsir íbúar við Urðarveg er uggandi yfir þeirri áætlun bæjaryfirvalda að nota sömu vatnslagnir og fyrir eru í stað þess að styrkja þær, þar sem þær anni í dag ekki því leysingavatni sem kemur frá skurðinum fyrir ofan Urðarveg. Álag á lagnirnar

muni aukast með tilkomu nýrra ofanflóðavarna. Jóhann Birkir Helgasson sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar segir áætlað að minnka vatnsmagnið sem renna muni um lagnirnar. „Það þarf ekki að hafa áhyggjur af því að lagnirnar anni ekki vatnslæðinu. Aftur á móti ef það kemur heilmikið aurflóð þá er hættu á að lagnirnar stíflist,“ segir Jóhann.

Íbúar á Urðarvegi vilja að nýjar

lagnir verði lagðar sem geti tekið á móti því vatnsmagni sem kemur frá ofanflóðavörnum. Ofanflóðasjóður styrkir gerð varnargarðsins, sem felur í sér dýpkun á núverandi skurði fyrir ofan Urðarveg, um 80%. Vilja umræddir íbúar að gengið sé almennilega frá vatnslögnum í ljósi þess að Ofanflóðasjóður styrkir framkvæmdina. „Ef allt fer á versta veg þá getur vissulega vatn lekið inn á Urðarveg. Vatnseigurinn

myndi renna eftir landhallanum auðveldustu leiðina út á veginn, í kringum Urðarveg 30 annars vegar og Urðarveg 76-78 hinsvegar. Varnargarðarnir eiga hinsvegar að halda aurnum frá,“ segir Jóhann og bætir því við að bæjaryfirvöld taki á því vandamáli þegar þær komi.

Jóhann segir byggðina í hlíðinni vera það langa að það yrði mjög kostnaðarsamt að leggja lagnir sem næðu út fyrir „kúlu-

húsið“ við Seljalandsveg 100 og við götuna Krók nálægt Hnífsdalsvegi. „Þá yrði líka að færa skurðinn mun ofar í hlíðina.“ Skurðurinn sem mun styrkja ofanflóðavarnirnar úr Gleiðarhalla, verður rétt fyrir ofan húsin á Urðarvegi og mun ná frá Stóruvíð að Stakkaneishrygg. „Hann mun taka við miklu magni af aur og verður mun dýpri en núverandi skurður,“ segir Jóhann Birkir.

– gudmundur@bb.is

## Fjölmiðlun og páskar

Páskar eru mesta trúarhátíð kristinna manna á Íslandi, sé gengið út frá því að meirihluti Íslendinga teljist kristinn. Margt hefur verið sagt um trúarlíf og einkum trúarbrögð á Íslandi síðustu ár. Af fjölmiðlum má ráða að trúarbrögð séu ekki verðugt umfjöllunarefni. Sumir telja reyndar að ríkisfjölmiðillinn hafi nánast horn í síðu Þjóðkirkjunnar þegar fjallað er um hve skráningar í trúfélög breytist og mikið lagt upp úr því að mjög fækki í henni. Sjaldan koma fram aðrar tölur en prósentur, en ekki eru nefndar tölur um það hve margir hafi flust til Íslands sem tilheyra öðrum trúarbrögðum og því síður athugað hver áhrif því fylgja. Ljóst er að mikill hluti þeirra fjölmörgu Pólverja sem hér hafa sest að tilheyra kaþólsku kirkjunni. Því breytast prósentuhlutföll mikið, ekki síst ef næri 10 þúsund Pólverjar án ríkisfangs búa á Íslandi. Þeir eru fleiri sem flytjast að utan til landsins sem taka með sér sína eigin trú. Vissulega hljómar það vel í eyrum sumra að fjalla um hlutina á einfaldan hátt.

Aftur að páska. Trúariðkun um páska hefur breyst. Minni áhersla er lögð á iðkun trúarinnar en meiri á tómskundagaman og ferðalög vegna þeirra helgidaga sem fylgja páskahátíðinni

og eru bundnir í lög. Þá þrjá aukadaga, sem allir fá frí frá vinnu, nota einnig aðrir en kristnir til tómsunda og ferðalaga. Ef trúleysi yrði ofan á þegar fram í sækir hljóta þeir að verða teknir af og vilji fólk almennt frí frá vinnu um páska verði það á eigin kostnað. Þá væri einnig hægt að láta Alþingi sitja eins og um venjulega vinnuviku væri að ræða. Vart er það þó svo, að þeir sem þykjast svo heilagir að vera trúlausir séu reiðubúnir að fórnna fríinu sínu. Umræður um trú og trúfrelsi varðandi drög að stjórnarskrá, sem hér er rituð með litlum staf til áhersluauka, eru athyglisverðar. Þau umdeildu drög byggja á einhvers konar pólitískum rétttrúnaði, suma hluti má ekki segja. Þeir hljóma ekki nógu vel. Tíðarandi ræður miklu um þjóðmálatal á Íslandi líkt og annars staðar. Sá góði andi breytist oft skjótt og snýst gjarna í andstöðu sína á einni nóttu. Stjórnarskrá á að standa slíkt af sér.

Trúmál eru viðkvæm og ættu að vera einkamál hvers og eins. Kristin trú er ríkur þáttur í lífi Íslendinga þótt trúrækni sé með öðrum hætti en fyrr. Því ræður fjölbreytt framboð afþreyingar og mikið áreiti fjölmiðla. Trú og fjölmiðlar stíga ekki ávallt í takt. En bæði eru staðreynd og munu hvorugt hverfa fremur en Páskar sem vænst er að verði öllum gleðilegir.

### Stakkur skrifar

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakandi umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



  
**SKJÓL FYRIR SKAMMDEGI**

Orkusalan heldur samkvæmt venju uppi góðu stuði á rokkhátfíð alþýðunnar. Við eigum fyrirliggjandi rafmagn fyrir magnara, skælifetla, hljóðgervla, hljómjafnara, ljóskastara, reykvélar og önnur stuðstuðningstæki. Ef ykkur vantar dálitla birtu milli sviðsdýfinga og dansgólfsraðs þá eru orkugefandi dagsljósaperur í Sólskýlinu okkar úti á plani.

Skemmtið ykkur fallega – og aldrei fara úr stuði.

Meðal verkefna sem ráðgert er að ráðast í á árinu í flokki atvinnu og nýsköpunar eru Nýsköpunarkeppni Vestfjarða, nýtingaráætlun strandsvæða á Vestfjörðum og greining Vestfjarða, en það síðastnefnda gengur út á að afla svæðisbundnum gögnum um atvinnulíf og búsetuskilyrði á Vestfjörðum.



# Fimmtíu milljónir til Vestfjarða

Samningar um framkvæmd sóknaráætlana landshluta milli ríkis og landshlutasamtaka sveitarfélaga voru undirritaðir við há-tíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu á föstudag. Alls verður um 50 milljónum króna úthlutað til Vestfjarða, en ríkisstjórnin samþykkti á fundi þann 27. nóvember á síðasta ári úthluta 400 milljónum króna í sóknaráætlunir landshluta fyrir árið 2013. Albertína Friðbjörg Elfasdóttir formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga skrifaði undir samninginn, en ljóst er að með samningnum eykst fjárveiting til landshlutanna frá ríkinu til muna. Fjárveiting til sóknaráætlunar Vestfjarða að

þessu sinni er til eins árs og var sérstök áhersla lögð á atvinnu og nýsköpun, menningarmál, menntun og rannsóknir og markaðsmál við úthlutunina í ár.

Meðal verkefna sem ráðgert er að ráðast í á árinu í flokki atvinnu og nýsköpunar eru Nýsköpunarkeppni Vestfjarða, nýtingaráætlun strandsvæða á Vestfjörðum og greining Vestfjarða, en það síðastnefnda gengur út á að afla svæðisbundnum gögnum um atvinnulíf og búsetuskilyrði á Vestfjörðum. Í flokki menningarmála verðu aukið við framlag til Menningarráðs Vestfjarða, en áætlað er að aukningin nemi fimm milljónum króna.

Í flokki menntunar og rannsókna verður stutt rækilega við bakið á námsbraut Háskólaaseturs Vestfjarða í sjávar tengdri nýsköpun, en áætlað er að veita rúmar fjórar milljónir í það verkefni. Heildarkostnaður verkefnisins er hinsvegar tæpar 16 milljónir króna og mun framlag sóknaráætlunar bætast við verkefnið sem framlag til markaðssetingar og sérnámskeiða. Einnig verður stutt við uppbyggingu fjarnámsstöðu og rannsóknáætlunar fyrir háskólanema í þróunarsetrum Patreksfjarðar og Hólmavíkur. Auk þess verður komið á fót sérhæfðu námi fyrir starfsfólk í fiskeldi á suðursvæði Vestfjarða og loks verður fjármunum varið í að styrkja námsmannasjóð. Þar verður stutt við rannsóknir námsmanna sem tengjast nýtingu auðlindum Vestfjarða.

Í flokki markaðsmála verður leitast við að stofna svokallaðan Vestfjarðaklasa, sem tengja á saman stöðstofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki; ferðaþjónustu, sjáv-

arúttveg, matvælaframleiðslu, verslun og þjónustu og skapandi greinar í þeim tilgangi að ná fram sameiginlegri framtíðarsýn í markaðs- og kynningarmálum sem fer saman við uppbyggingu atvinnulífs og innviða. Stefnt er á þrjú áherslur innan klasans, að kynna Vestfirði sem búsetukost, sem áfangastað ferðamanna og sem fjárfestingakost. Alls verður rúmlega 17 milljónum króna varið í þetta verkefni.

Á 57. Fjórðungssþingi Vestfirðinga, sem haldið var á Bíldudal 5. og 6. október síðastliðinn var ákveðið að vinna þrjár minni sóknaráætlunir, eina fyrir hvert svæði Vestfjarða. Þær þrjár áætlunir runnu síðan saman í eina áætlun með áherslu á sameiginleg málefni. Haldnir voru svæðisfundir í desember, ein á Hólmavík (fyrir Strandir og Reykhólahrepp), ein á Patreksfirði (fyrir suðursvæði Vestfjarða) og einn á Ísafirði (fyrir norðursvæði Vestfjarða). Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða sá um framkvæmd

svæðisfundana og voru þeir opnir öllum.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga ákvað í desember að boða tíu aðila tengda atvinnulífinu og tíu aðila tengda stöðkerfi atvinnu og byggða og fræðasamfélaginu á svæðinu á fund sem einnig var opinn hagsmunaaðilum. 30 manns mættu á fundinn sem myndaði samráðsvettvang sóknaráætlunar landshlutans. Úr þeim hópi voru einstaklingar valdir sem mynda framkvæmdaráð með stjórn FV og skipa hann alls 13 manns. Framkvæmdaráð skipaði í janúar þrjú vinnuteymi sem hvert og eitt mótaði verkefni síns málaflokks; einn hópur sá um markaðsmál, annar um atvinnu, nýsköpun og menningu og sá þriðji um menntun og rannsóknir. Allar verkefnaútfærslurnar voru samþykktar einróma af samráðsvettvangi sóknaráætlunar og staðfestar á stjórnarfundum FV þann 13. febrúar síðastliðinn.

– gudmundur@bb.is



## ÍSAFJARÐARBÆR

### ÚTBOÐ

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Gatnagerð í Hnífsdal“. Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 20. júlí 2013. Helstu magntölur eru:

Fráveitulagnir	800m
Vatnslagnir	450m
Gröftur	6.000m <sup>3</sup>
Fyllingar	5.000m <sup>3</sup>
Kantsteinn	700m
Hellulögn	600m <sup>2</sup>
Jöfnun undir malbik	3.400m <sup>2</sup>

Útboðsgögn eru til sölu á kr. 3.000.- hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði. Tilboðin verða opnuð á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, **10. apríl 2013, kl. 11:00** að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar.

## HEILBRIGÐISSTOFNUN VESTFJARÐA

### Sjúkraliði eða ófaglegur starfsmaður við aðhlyningu

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða óskar að ráða til sumarafleysinga í tvær stöður sjúkraliða eða ófaglæðra starfsmanna við aðhlyningu á legudeildum sjúkrahússins á Ísafirði. Um er að ræða 80-100% störf frá 1. júní til ágústloka 2013, eða eftir nánara samkomulagi. Laun eru samkvæmt kjarasamningi og stofnanasamningum. Umsóknarfrestur er til 8. apríl 2013.

Nánari upplýsingar veitir Rannveig Björnsdóttir, deildarstjóri í síma 450 4500, netfang: rannveig@hvest.is eða Hörður Högnason, framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma 450 4500, netfang: hordur@hvest.is.

# ALDREI FÓR ÉG SUÐUR FRÍMERKIÐ



Pósturinn óskar Ísfirðingum og velunnurum gleðilegra páska og til hamingju með frábæra tónlistarhátíð enn eitt árið!

Þann 2. maí gefur Pósturinn út frímerki í seríunni „Bæjarhátíðir“. Eitt þessara frímerkja er tileinkað tónlistarhátíðinni **Aldrei fór ég suður** á Ísafirði.





Samgöngur eru mikilvægur hlekkur í klasasamstarfi en 3X Technology hefur hafið klasasamstarf við önnur tæknifyrirtæki innan Íslenska sjávarklasans.

# Samgöngur eru mikilvægur þáttur í klasasamstarfi

„Samgöngu- og fjarskiptakostnaður er klárlega einn af þeim þáttum sem draga úr samkeppni-

ishæfni Vestfjarða og rýra möguleikann á því að hér byggist upp útflutningsiðnaður. Ef þörf er á

vöruflutningum burt eða inn á svæðið hefur samkeppnisstaðan verið veikari hér en allsstaðar

annars staðar á landinu. Með skipakomunum er von til þess að landslagið, sem snýr að innflutningi og útflutningi, breytist. Við munum samt búa við þessar sömu ömurlegu vegasamgöngur og áður, sex til átta mánaða tímabil þar sem tryggt er að vegir séu opnir. Þar skortir langtímastefnu og ein tillaga að henni væri að einsetja sér að eftir 20 ár verði engir hálendisvegir á Vestfjörðum. Taka þarf vegina niður á láglandið, það er eina leiðin til að vegakerfið sé opið tólf mánuði á ári,“ segir Jóhann Jónasson, framkvæmdastjóri 3X Technology á Ísafirði, en fyrirtækið hefur nýlega hafið klasasamstarf við níu önnur tæknifyrirtæki innan Íslenska sjávarklasans.

„Það var jafn dýrt að koma flutningsgámi frá Reykjavík til Ísafjarðar og frá Reykjavík til Rotterdam áður en strandsiglingarnar byrjuðu. Helmingurinn af kostnaðinum við millilandaflutninga sparast með tilkomu þeirra. Þetta er áfangasigur og við gleðjumst mjög yfir þessu. Það var meiri þökkunarkostnaður vegna lélegra vega, búnaðurinn þoldi illa að vera ekið um á þessum lélegu vegum og því þurfti að pakka öllu sérstaklega vel,“ segir Jóhann. Samgöngur eru einn af lyklunum að því að hægt sé að vera í klasasamstarfi á Vestfjörðum. Ef svæðið á að eiga möguleika á útflutningsmarkaði snýst þetta um að bæta samkeppnishæfni þess, miðað við önnur svæði og önnur lönd, þá þarf að bæta aðgengi að mörkuð-

um, að hans sögn.

„Ifor Williams, einn af frægari klasamönnum veraldarinnar í dag, kom til Ísafjarðar fyrir mörgum árum. Við vorum búnir að vinna saman í sjávarútvegi frá því áður en farið var að kalla þetta klasasamstarf. Hann átti að koma hingað með flugi sem var aflýst svo hann neyddist til að keyra vestur. Um 200 manns biðu eftir honum á Hótel Ísafirði þar sem hann átti að halda fyrirlestur. Hann ætlaði að kynna fyrir okkur þetta klasahugtak. Fólk var orðið vel þreytt á biðinni þegar hann kom, kom, tveimur klukkutímum of seint. Það fyrsta sem hann sagði þegar hann kom inn úr dyrunum var að við gætum gleymt þessu klasadæmi ef ekki er hægt að komast inn og út af svæðinu. Síðan þá hefur ekkert breyst. Það er algjör forsenda fyrir klasasamstarfi að samgöngur séu í lagi. Það er augljóst þegar maður segir það, mikilvægi þess að hægt sé að koma vörum fram og til baka með tryggum hætti,“ segir Jóhann.

Með tilkomu strandsiglinga batnar hagur margra fyrirtækja sem sækja sér aðföng inn á svæðið og selja vörur sínar á markaði erlendis. Ekki hefur verið tekið saman gámafjöldann sem 3X Technology fær til sín og sendir frá sér eða hvaða upphæðir sparast með strandsiglingunum. Það eru enn stærri upphæðir fyrir sjávarútveginn, að sögn Jóhanns, sem á mestra hagsmuna að gæta á svæðinu.

– hordur@bb.is

## Tískusýning í Edinborgarhúsinu

Verið innilega velkomin í 10 ára afmælisfagnað GuSt í kvöld, 27. mars. Húsið opnar með fordrykk kl 20, og við taka skemmtiatriði, söngur, spjall, vörukynningar, tískusýning GuSt og Dýrfinnu Torfa með nýjustu vorlínunni og væntanlegum haustfatnaði.

Sigga Lára og meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu, Dídí, Halldóra Björns, Sigrún Eiríks, Dekurstofa Dagnýjar, dætur Möggu Geirs, Gummi bróðir, Hjalti Karls, Baldur Hreins, Hafnarbúðin, Litli leikklúbburinn, Edinborg, ofl.

Þúsund þakkir, þið hafið gert þetta kvöld mögulegt, með fullt af skemmtiatriðum og óvæntum upptökum. Þið eruð best!!



**GuSt**  
REYKJAVÍK DESIGN

www.gust.is

# EIGULEGAR FERMINGARGJAFIR

## BROT AF ÞVÍ BESTA Í EINNI SPJALDTÖLVU!

Það er ekkert lát á vinsældum Nexus 7. Ástæðan er einföld. Google og Asus tóku höndum saman um að sameina það besta í einni spjaldtölvu. Hún er eins meðfærileg eins og spjaldtölvur gerast, aðeins 340 grömm. Hún er sérstaklega hraðvirk með Tegra 3 Quad Core örgjörva og GeForce Tegra 3 skjákorti. Skjárinn er kristaltær með IPS+ og rispupolinn með Corning Glass. Nýjasta Android Jelly Bean stýrikerfið. Allt að 10 tíma rafhlöðuending. Nóg pláss með 32GB innbyggðu Flash minni. Valin spjaldtölva ársins 2012 af tæknitimaritinu T3.

ASUS  
nexus 7

T3  
Awards 2012



32GB



54.990

VINSÆLASTA  
SPJALDTÖLVAN  
OKKAR

UNITED

UNITED  
TAB1012 BK



10" spjaldtölva á ótrúlegu verði með Android 4.0 og Google Play. 5 punkta snertiskjár með 1024x600 punkta upplausn. 4GB minni sem hægt er að stækka um 32GB með micro SD.

19.990

PASSAR Í VASA



Seagate

Seagate Expansion 500GB 500 GB nettur og 2,5" vasafلاكari með USB3.0 og margföldum gagnaflytningshraða. Þarf ekki straumbreyti, hlaðanlegur gegnum USB snúru.

11.990



FERMINGARTÖLVAN Í ÁR

TOSHIBA TOS SAT C850-1GL

15,6" með Intel Dual Core Core örgjörva, 4GB vinnsluminni og 320GB hörðum disk. HDMI og USB3. Windows 8.

79.990

RAZER ANANSI  
LYKLABORÐ



KEYB RA  
ANANSI

RAZER

Sérhannað lykklaborð fyrir leikjaspilara með 7 nýjum aðgerðartökkum sem gefa möguleika á því að forrita 100 aðgerðartakka.

17.990



COOLER  
MASTER

CM HAF  
912 Plus

Mjög flottur leikjakassi með öflugri kæligetu, hljóðeinangrun og tengimöguleikum fyrir kröfuharða leikjaspilara.

15.990

ALVÖRU HLJÓMUR



Logitech Z323

Logitech

30 RMS wött og öflugt bassabox tryggja kröftugan 360 gráðu hljóm fyrir tölvuna og tónlistina.

11.990



W-LED FULL HD SKJÁR

S L24A0 E2450SWDAK

LED skjár með 1920 x 1080 upplausn með W-LED baklýsingu og 20.000.000:1 skerpu.

29.990

RAZER LEIKJAMÚS



RAZER

Razer DeathAdder Ofurnákvæm 3500 dpi leikjamús með 3,5G innrauðum nema. Gullhúðað USB tengi tryggir 1ms svartíma.

11.990

» snerpa

MÁNAGATA 6 - SÍMI 520 4000

www.snerpa.is

# Öfug rauðsprettu

„Ég held að þetta sé voðalega sjaldgæft. Við höfum aldrei séð þetta áður,“ segir Haraldur Konráðsson, skipstjóri á rækju-skipinu Val ÍS, en þeir tóku eftir því að ein rauðsprettan sem veiddist sneri kjaftinum í öfuga átt miðað við allar hinar. Fiskurinn kom í veiðarfærin þegar áhöfnin var að veiðum í útdjúpinu. Þetta kemur þó fyrir að sögn Hjálta Karlssonar hjá útibúi Haf-rannsóknastofnunar á Vestfjörðum.

„Það er hægt að segja að þetta sé óalgenget en þetta hendur hins vegar stundum. Ekki er hægt að segja að þetta sé mjög sjaldgæft. Þetta gerist í myndbreytingu lirfanna, eða seiðanna, þær eru með hefðbundið lag í fyrstu en síðan snúa þær sér í myndbreytingu og verða flatar. Í einhverjum tilfellum þá snúa þær sér á vitlausan veg. Þær eru með bolfiskslag í upphafi en taka svo á sig flatan svip þegar þær stækka og þá getur þetta gerst,“ segir Hjalti Karlsson. – hordur@bb.is



Rauðspretturarnar vísa kjaftinum hvor í sína áttina en yfirleitt snúa þær allar eins.

## Prestur í útgerð

„Þetta hefur blundað lengi í mér, að það væri gaman að fá sér trillu og fara á strandveiðar. Ég hittí bróður minn, Sigurð Arnór Hreiðarsson, í Reykjavík um daginn, en hann er skipstjóri. Við fórum að tala um að gaman væri að fá sér trillu. Við höfðum verið að skoða báta á vefnum og höfðum báðir séð sama bátinn, Svölu ÍS 35, sem er skel 26, og hafði verið í eigu Jóns Ragnarssonar í Súðavík, og litist vel á hann. Siggi var búinn að hringja í Jón og tala við hann en það endaði með því að ég fór að skoða bátinn og það varð úr að við keyptum fleyið af Jóni. Þetta er snyrtilegur og vel um genginn bátur enda Jón mjög snyrtilegur maður. Við ætlum að gera út frá Suðureyri og byrjum á strandveiðum í maí,“ segir Valdimar Hreiðarsson, útgerðar-

maður og fyrrum sóknarprestur í Staðarsókn.

„Ég hætti prestskap fyrir tæpum tveimur árum og var þá hættur að kenna. Það er mjög ánægjuleg þróun að geta haft eitthvert viðfangsefni. Enn sem komið er hefur þetta gengið eins og í sögu, allt verið vandræðalaust,“ segir Valdimar, en hann segist vera orðinn spenntur fyrir því að komast á sjóinn. „Það er kominn hugur í okkur. Ég var gjarnan á sjó með bróður mínum og var einmitt á handfærum með honum, bæði fyrir sunnan og norðan land. Þannig að við erum báðir með ákveðna reynslu. Ég er með 30 tonna réttindi en við ákváðum að hann yrði skipstjóri því hann hefur miklu meiri reynslu á sjó en ég. Ég hef ekki lagt þetta fyrir mig sem ævistarf eins og hann.

Þetta er að skella á eftir rúman mánuð og við hlökkum til,“ segir Valdimar.

Strandveiðitímabilið er frá 1. maí til loka ágúst og er landinu skipt í svæði. Vestfirðir eru á svæði A sem er vinsælasta svæðið, að sögn Valdimars. „Það er ákveðinn kvóti gefinn út og hér hefur kvótinn klárast fyrst í gegnum tíðina. Ég held þetta sé fimmta árið sem strandveiðar eru stundaðar. Það hefur verið mikil gleði og ánægja með strandveiðarnar í þessum sjávarbyggðum. Það hefur myndast mikið líf í þorpunum sem hafa misst gífurlega mikið í gegnum tíðina vegna þeirrar þróunar sem hefur verið í sjávarútveginum, þar sem kvótinn hefur færst á færri hendur. Það hafa allir tekið þessu vel, bæði fjölskyldan okkar og heima-



Sr. Valdimar Hreiðarsson.

fólk fyrir vestan. Það er ótrúlegt en satt að fólki lýst almennt vel á þetta. Báturinn er mjög fallegur og hentar vel á strandveiðar, en hann er ekki dekkjaður svo hann

er ekki fyrir langferðir eða til að fara á honum út í verra veðri. Hann hentar vel í styttri róðra, þegar best er og blíðast,“ segir útgerðamaðurinn Valdimar.

## Lærðu heiðarleg viðskipti

„Við tókum þátt í samstarfi sex landa en verkefnið snerist um að kenna nemendum að eiga heiðarleg viðskipti; kenna þeim hugmyndafræði Fair trade, að stofna fyrirtæki og eiga viðskipti sín á milli og milli landa. Við notuðum e-Twinning en með því geta skólar eða kennarar komið hugmyndum sínum, um hvernig þeir vilja vinna, á framfæri. Þar geta kennarar og nemendur skipst á hugmyndum og fundið samstarfsskóla og unnið sameiginleg verkefni. Þetta er markaðstorg hugmynda,“ segir Soffía Vagnsdóttir, skólastjóri Grunnskólans í Bolungarvík, en skólinn fékk verðlaun fyrir Comeniusar verkefni skólans sem nefnist Business and Economy Language Learning. Soffía tók á móti verðlaunum fyrir hönd skólans á e-Twinning ráðstefnu í Lissabon fyrir stuttu. „Ég var á ráðstefnu e-Twinning

og það var frábært að sjá verkefni skólanna sem þar tóku þátt. Verkefnið dregur úr fordómum og vikkar sjóndeildarhring nemenda og hjálpar þeim að skilja menningu annarra þjóða, og svo eignast þeir vini út um allt. Verkefnið okkar var verðlaunað en það voru yfir 300 verkefni sem voru tilnefnd í sex flokkum. Við hlutum önnur verðlaun í einum flokknum fyrir verkefni 16 - 20 ára nemenda. Við erum rosalega stolt af krökkunum okkar en þeir byrjuðu í menntaskólanum í haust,“ segir Soffía, en hún telur nemendurna hagnast verulega á að hafa tekið þátt í verkefninu. „Þegar þessir krakkar fara að stunda verslun og viðskipti, sem ég held að verði meira af í framtíðinni, að það verði frumkvöðlar sjálf, þá búa þau að þessari reynslu um hvernig á að stofna fyrirtæki og stunda heiðarleg viðskipti,“ segir Soffía.

**Opið um páskana:**  
Skírdagur: 11-15  
Föstudagurinn langi: Lokað  
Laugardagur: 11-15  
Mánudagur: Lokað  
**Full búð af nýrri sumarvöru**  
Frábært úrval af kjólum,  
jökkum, buxum og blússum  
Hjartanlega velkomin

*Gledilega páska*

**Jón og Gunna verslun**  
Austurvegur 2  
400 Ísafjörður  
Sími: 456 3464  
jonoggunnaverslun@simnet.is  
Við erum á líka á [facebook](#)





## Opið um páskana

### Samkaup úrval Bolungarvík

28. mars, skírdagur, kl. 13.00 - 17.00  
29. mars, föstudagurinn langi, kl. 13.00 - 17.00  
30. mars, laugardagur, kl. 10.00 - 18.00  
31. mars, páskadagur, kl. 13.00 - 17.00  
1. apríl, annar í páskum, kl. 13.00 - 17.00

Vitastíg 3 bolungarvik@samkaupurval.is  
samkaupurval.is

### Samkaup úrval Ísafirði

28. mars, skírdagur, kl. 10.00 - 20.00  
29. mars, föstudagurinn langi, kl. 12.00 - 20.00  
30. mars, laugardagur, kl. 10.00 - 20.00  
31. mars, páskadagur, kl. 12.00 - 18.00  
1. apríl, annar í páskum, kl. 12.00 - 20.00

Hafnarstræti 9-13 isafjordur@samkaupurval.is  
samkaupurval.is



Laxveiði í Hestá í Öndarfirði, einni af mörgum náttúruperlum sem finnast á Vestfjörðum.

# Mikil verðmæti í laxveiðiám

„Ég veit ekki hvað þetta er mikið á landsvísu. Það eru heilmikil verðmæti fólgin í laxveiðinni. Það eru rétt innan við 10

milljónir á ári sem koma inn í leigutekjur fyrir þessa einu á,“ segir Aðalsteinn Leifur Valdimarsson, formaður Veiðifélags

Laugardalsár í Ísafjarðardjúpi, en töluverð verðmæti eru í laxveiðiám og silungsvötnum á Íslandi. Stangveiði í ám og vötnum á

Íslandi veltir um 20 milljörðum króna á ári að því er fram kemur í formála Sigurðar Guðjónssonar, forstjóra Veiðimálastofnunar.

„Stangveiði í ám og vötnum landsins er grundvöllur mikilvægrar atvinnugreinar. Hún hefur mikil efnahagsleg áhrif í samfélaginu og er veltan þar tæpir 20 milljarðar á ári. Þar af eru hátt á annan milljarð beinar tekjur veiðifélaga. Nýting veiðihlunninda er því ein af stærstu búgreinum landsins og afar mikilvæg fyrir búsetu víða í sveitum landsins. Um þriðjungur þjóðarinnar stundar stangveiði sem sýnir að um mjög vinsæla tómstundariðju er að ræða. Sá árangur sem náðst hefur í veiðinýtingu, arðsemi veiða og stöðu fiskistofna hér á landi hefur vakið athygli á alþjóðavettvangi. Arðsemi af hverjum veiddum fiski er óvíða meiri. Skiptir þar sköpum að nýting í stangveiði er byggð á félaglegum grunni sem er nátengd vaxandi ferðaþjónustu í dreifðum byggðum landsins. Í fiskrækt og fiskeldi eru einnig fólgin mikil tækifæri og þegar hafa þar skapast mörg atvinnutækifæri,“ segir Sigurður í formála skýrslunnar.

Þrjár landsþekktar laxveiðiár eru við Ísafjarðardjúp; Hvannadalsá, Langadalsá og Laugardalsá. Stangveiðifélagið Lax-á er með allar árnar á leigu. Að sögn Stefáns Sigurðssonar, sölustjóra innanlands hjá Lax-á, sem selur veiðileyfi og veiðileiðsögn í árnar, hefur salan veiðileyfa ávallt verið góð. Búast má við að framleiðnin af ánum sé eitthvað hærrí en greidd leiga en í skýrslu Veiðimálastofnunar kom fram að hátt á annan milljarð króna komi í beinar tekjur til veiðifélaga, af 20 milljörðum. Töluverðar óbeinar tekjur eru af stangveiðinni eins og ýmis þjónusta við veiðimenn; gisting, verslun og samgöngur svo fátt sé nefnt. Fleiri ár eru á Vestfjörðum eins og Hestá í Öndarfirði, Ísafjarðará og Múlá svo einhverjar séu nefndar. Einnig eru silungsvötn sem veitt er í Vestfjörðum eins og t.d. Syðridalsvatn við Bolungarvík, Vatnsdalsvatn í Vatnsfirði og Sauðlauksdalsvatn við Patreksfjörð. Óhætt er að segja að auðlindir séu margar í náttúrunni á Vestfjörðum og er stangveiðin aðeins einn hluti af þeim.

– hordur@bb.is

## Við bjóðum þér í morgunkaffi



**Illugi Gunnarsson** formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins verður gestur okkar á morgunverðarfundi í Faktorshúsinu Hæstakaupstað laugardaginn 30. apríl, kl. 10

Illugi fjallar um krónuna, aðra valkosti í gjaldmiðilsmálum og hvernig við getum tryggt stöðugleika í efnahagsmálum.

Mætum og eigum áhugavert samtal um mikilvæg mál, yfir morgunverði og rjúkandi kaffi.

Sjálfstæðisflokkurinn  
í Norðvesturkjördæmi



## Fjórar milljónir í nýbúafræðslu

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur ákveðið að styrkja Ísafjarðarbæ um 4,2 milljónir króna í ár vegna svokallaðrar nýbúafræðslu. Framlagið verður greitt með jöfnum mánaðarlegum greiðslum sem nema um 350 þúsund krónum á mánuði. Ísafjarðarbæjar sótti um styrk vegna 35 nýbúa og

var sá fjöldi lagður til grundvallar við útreikning á endanlegu framlagi til sveitarfélagsins.

Bolungarvíkurkaupstaður fær einnig úthlutað úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna nýbúafræðslu, og nemur sú upphæð 1.320.000 kr. vegna fjárhagsársins 2013.

# ÞAÐ VERÐUR ALLT **VITLAUST** Á EDINBORG UM PÁSKANA



Edinborg  
*Bistro - Café - Bar*



**PÁLL ÓSKAR**



**SNIGLABANDIÐ**



**ÓLI PALLI**

## **Páskadagskrá:**

**Miðvikudaginn 27. mars DJ Óli Palli frá Rás 2 með pöb quiz 21-23 og DJ 23-02**  
**Föstudaginn 29. mars Páll Óskar 24-04**  
**Laugardaginn 30. mars Sniglabandið 24-03**  
**Sunnudaginn. 31 mars Sniglabandið og góðir gestir frá Aldrei fór ég suður 24-04**

# Á skólabekk á sextugsaldri

Það verður seint sagt að Rob Salisbury falli undir staðalmynd háskólanemans með útlíki. Hárið er tekið að grána og þynnast á stöku stað enda er hann kominn af léttasta skeiði. Rob lagði engu að síður land undir fót síðasta sumrar og fluttist frá heimkynnum sínum í Kanada til Ísafjarðar til að leggja stund á meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða. Hann tók sér tveggja ára námsleyfi frá störfum til að koma til Ísafjarðar, þar sem hann unnið hag sínum vel. Rob settist niður með blaðamanni og ræddi um lífið á Ísafirði, um háskólasamfélagið og Vestfirði og um þá ákvörðun að setjast á skólabekk á hjara veraldar, fjarri vinum og fjölskyldu.

Þessi lífsreyndi maður er meðeigandi á lögfræðistofu alþjóðlega lögmannafyrirtækisins Gowlings í Hamilton í Kanada. Þar hefur hann starfað sem lögmaður frá árinu 1983, en hann fæddist í Ottawa árið 1956. Nærvera Robs er valdsmannsleg en um leið viðkunnanleg. Ljóst er að hér er á ferðinni merki- legur maður með mikla reynslu.

„Ég útskrifaðist frá lagadeild Osgoode Hall háskóla árið 1980 og hef síðan unnið sem lögmaður fyrir Gowlings í Hamilton,“ segir Rob, en borgin Hamilton er mitt á milli Toronto og Niagarafossa. Í borginni búa um 630.000 manns eða um tvöfalt fleiri en á Íslandi. Rob kom fyrst til Íslands fyrir nokkrum árum og átti sú heimsókn eftir að hafa afdrifaríkar afleiðingar.

„Í raun er hægt að þakka Ícelandair fyrir það að ég bý hér núna. Við eiginkona mín millilintum á Íslandi á leið okkar til Kaupmannahafnar og ákváðum í flugvélinni að verja nokkrum dögum í Reykjavík. Þá fékk ég áhuga á landinu og vildi gjarna koma aftur,“ segir Rob. Hann fór þá að skoða möguleikana á háskólanámi hérlendis og hafði sérstakan áhuga á námi í heimskautarétti við Háskólann á Akureyri.

„En fyrir algera tilviljun rakst ég á námið sem er í boði í Háskólasetri Vestfjarða. Ég fékk tækifæri til að læra á

Ísafirði og sló til. Ég samdi um tveggja ára námsleyfi frá störfum mínum í Kanada og sný því ekki aftur til vinnu fyrr en 1. janúar 2014,“ segir Rob, en hann hafði aldrei komið til Vestfjarða fyrr en hann hóf námið á Ísafirði.

## Var vel undirbúinn

„Ég get ekki sagt að neitt hafi komið mér sérstaklega á óvart því að netið er gríðarlega öflugur upplýsingagjafi,“ segir Rob, en hann var búinn að kynna sér skólann og Ísafjörð vel áður en hann fluttist vestur síðasta sumar. En hverjar voru væntingar hans til námsins og staðarins?

„Væntingarnar voru í samræmi við það sem ég hafði lesið. Ég vissi að ég væri að fara að búa í mjög litlu samfélagi vestur á fjörðum. Ef þú ræðir við hinn almenna ferðamann, þá þekkir hann ekki þennan stað og ég viðurkenni að það heillaði mig í upphafi,“ segir Rob, og bætur því við, að vinir hans í Kanada spyrji gjarna hvort ekki sé kalt á Ísafirði. „En í Hamilton verður mun kaldara á veturna,“ segir hann.

„Ég vissi til dæmis að hér væri ýmislegt hægt að gera sér til dægrastyttingar, eins og að fara í kajakferðir hjá Sjósportmiðstöðinni og skíðaferðir hjá Borea. Í raun er þessi bæ með allt sem þú þarft menningarlega,“ segir Rob, og nefnir bókasafnið sérstaklega í því samhengi. „Ég gjörsamlega elska bókasafnið í þessum bæ. Það er svo fallegt og dásamlegur staður til að vera við námið.“

Rob nefnir einnig Ísafjarðarbió í þessu sambandi. „Hér eru sýndar nýjustu myndirnar í hverri viku. Skyfall [nýjasta James Bond myndin] var til dæmis frumsýnd á Ísafirði áður en hún var frumsýnd vestanhafs,“ segir hann og hlær, en hann hefur ferðast um alla Vestfirði meðan á dvöl hans hefur staðið.

## Gæði námsins mikil

„Hvað skólann varðar, þá er hann mjög góður og hafa gæði námsins komið mér á óvart,“ segir Rob. „Hingað koma helstu og bestu sérfræðingar hver á sínu sviði og kenna áfanga allt frá tveimur vikum og upp í átta vikur. Maður er aðeins í einum áfanga í einu og ég kann mjög vel við það fyrirkomulag.“ Hann segir áfangaskipt-

inguna mjög árangursríka fyrir nemendur.

Rob segir það koma til greina að vera á Íslandi í sumar en það ráðist af því hvert lokaverkefni hans verður. „Það er vissulega hvati að vinna ritgerðina að mestu hér en að sama skapi rýrir það atvinnumöguleika erlendis. Ég er í þeirri stöðu að geta leyft mér að skrifa um eitthvað sem ég ætla ekki beinlínis að vinna við enda í fastri vinnu,“ segir hann, og telur miklar líkur á því að hann muni skrifa um hækkun sjávarborðs á Pollinum í Skutulsfirði.

„Vegna loftslagsbreytinga fer sjávarmál hækkandi á Pollinum en hið öfuga á sér stað í Vötnunum miklu í Kanada og Bandaríkjunum. Þar fer vatnsyfirborð lækkandi,“ segir Rob. Vötnin miklu (e. *Great Lakes*) er samheiti yfir fimm stór stöðuvötn á landamærum Kanada og Bandaríkjanna og mynda þau stærstu þyrpingu ferskra stöðuvatna á jörðinni.

Rob er fjölskyldumaður, kvæntur og á tvö börn, soninn Daniel sem er 19 ára og dótturina Sarah sem er 21 árs. Þau eru bæði í háskólanámi í Kanada. Skyldi ekki vera erfitt að vera fjarri fjölskyldu sinni í svo langan tíma?

„Konan mín fer á milli. Hún var með mér í nærri mánuð þegar ég kom hingað fyrst síðasta sumar. Ég fór til Kanada í næstum mánuð yfir jólin og svo kemur sonur minn í heimsókn í apríl. Vonandi kemur eiginkona mín aftur í maí,“ segir Rob, og bætur því við að með tilkomu Skypeforritsins séu samskiptin yfir Atlantshafið auðveldari. „Ég tala við þau í meira en klukkutíma á hverjum degi.“

## Ekkert bjórbingó í Kanada

Rob er eðli málsins samkvæmt í hópi eldri nemenda í meistaranáminu við Háskólasetur Vestfjarða. „Það er einn nemandi á fimmtugsaldri og annar á sextugsaldri. Restin er frá 22 ára og fram á fertugsaldur,“ segir Rob, sem segist lítið hafa hugsað um þessa aldurskiptingu áður en hann hóf námið. „Ég hafði ekki hugmynd um að nemendurnir yrðu á svona breiðu aldrursbili.“ Hann segir að bæði félagslega og í námi hafi samnemendurnir komið honum á óvart.

„Hvað varðar námið sjálft,



þá á maður til að staðna þegar komið er á minn aldur og gleyma því hvernig 25 ára maður hugsar. Því er mjög hollt að fara í nám á þessum aldri og sjá heiminn með augum yngri nemenda.“ Félagslíf nemenda við Háskólasetur Vestfjarða er mikið og tekur Rob virkan þátt í því. Skyldi hann hafa verið sakaður um að vera að endurlífa námsárin með öllu því skemmtanahaldi sem því fylgir?

„Ég hef verið ásakaður um það af fjölskyldu minni,“ segir hann og hlær. „Dóttir mín er sjálf í háskóla og þegar við tölum saman segir hún að félagslíf mitt sér meira en hennar. En þeir eru ekki með bjórbingó í Kanada.“

## Ísafjörður er frábær staður

Rob líður vel fyrir vestan og hann nefnir sérstaklega hvern-

ig smæð staðarins gerir litlu hlutina auðveldari. „Mér líkar mjög vel á Ísafirði. Í gær var til dæmis svo gott veður að skíðasvæðið var opið fram á kvöld. Ég braut fyllingu í tönn í síðustu viku og tannlæknirinn opnaði stofuna fyrir mig og gerði við hana samtundis. Svona þjónustu færðu ekki í öllum samfélögum.“

„Ísafjörður, landið og Háskólasetur Vestfjarða hafa sannarlega staðist allar mínar væntingar. Eftir allt saman, þá er þetta betra en að vinna,“ segir hann og hlær.

„En í fúlastu alvöru, þessi staður er frábær og ég er ekki viss um að allir sem eiga hér heima geri sér grein fyrir því hvað þeir eru heppnir. Þannig hugsaði ég á dögum þegar ég skíðaði niður brekkurnar í Tungudal og leit yfir bæinn.“

# Ísafjarðarbær býður alla velkomna á skíðavíku



**Opnunartími skíðasvæðana verður frá 10 – 17 alla skíðavíkuna 27. mars – 1. apríl**

## **Opnunartími sundlauga Ísafjarðarbæjar um páskana 2013:**

### **Skírdagur 28. mars**

**Sundhöll 10:00 – 18:00. Flateyri 13:00 – 16:00. Suðureyri 13:00 – 19:00. Þingeyri 10:00 – 18:00**

### **Föstudagurinn langi 29. mars**

**Sundhöll 10:00 – 18:00. Flateyri 13:00 – 16:00. Suðureyri 13:00 – 19:00. Þingeyri lokað**

### **Laugardagur 30. mars**

**Sundhöll 10:00 – 18:00. Flateyri 13:00 – 16:00. Suðureyri 10:00 – 18:00. Þingeyri 10:00 – 18:00**

### **Sunnudagur 31. mars. Páskadagur**

**Sundhöll 10:00 – 15:00. Flateyri 13:00 – 16:00. Suðureyri 10:00 – 16:00. Þingeyri lokað**

### **Mánudagur 1. apríl. Annar í páskum**

**Sundhöll 10:00 – 15:00. Flateyri lokað. Suðureyri lokað. Þingeyri 10:00 – 16:00**

Þættir Guðmundar Heiðars Harðarsonar, herra Hammond hafa heldur betur slegið í gegn á BB sjónvarpi. Í þáttunum dæmir Guðmundur plötur sem hafa tengingu til Vestfjarða. Guðmundur hefur mikinn áhuga á tónlist og á eitt af stærstu plötusöfnum á Vestfjörðum.

**Hvað áttu margar plötur?**

Um 2600 eintök af vinyll og geisladiskum.

**Hversu margar hefurðu fengið frá Rás 2?**

Þrjátíu og eina!

**Ertu með sérstakt flokkunarkerfi á þeim?**

Já

**Hver er verðmætasta platan þín?**

Rás Íkarus - Rás 5-20 1983

Uppáhalds hljómsveit?



# Miklu sætari stuttklipptur

Ensími, en annars er ég svakalegur og ég segi að ég sé svakalegur Megasar aðdandi.

**Settu saman þína draumahljómsveit, bæði íslenska og erlenda??**

Íslensk: Franz Gunnarsson (gítar), Hrafn Thoroddsen (orgel), Guðni Finnsson (bassi), Arnar Þór Gíslason (trommur), Krummi (söngur). Erlend: Steve Harris (Iron Maiden,

bassi) Dave Grohl (FooFighters, trommur), Richie Blackmore (Ex-Deep Purple, gítar), Ken Hensley (Uriah Heep, orgel), Bruce Dickinson (Iron Maiden, söngur).

**Hver er sagan af hattinum?**

30 ára afmæli 2009 og þemað var að mæta með hatt sem ég átti ekki þá og þá var bara að kaupa einn hatt og ég á þrjá í dag.

**Af hverju hefurðu aldrei farið á Hróarskeldu?**

Veit það ekki.

**Bestu tónleikar sem þú hefur séð?**

Megas og Senubjófarnir í Edinborg Ísafirði 2007.

**Hvernig kom til með Hr. Hammond?**

Setti það á síðuna <http://hammond.123.is/> og Andri á flandri kallaði mig það í sínum þætti.

**Af hverju klipptirðu þig?**

Ég bara ákvað það á svipstundu og lét vaða í það. Engin sérstök ástæða (miklu sætari svona he,he).

**Langar þig að vera með þátt í sjónvarpi?**

Já, hef ekki hugsað um það en Netið svinvirkar.

**Hefurðu látið plata þig?**

Já, ég held það bara.

## smáar

Kæri Halldór! Hönnuður óskar eftir að komast í samband við menn sem heita Halldór vegna verkefnis sem hann vinnur að. Hressir, gamlir, ungir, nefstórir, feitir, ljóshærðir, allavega, búsettir hvar sem er. Óska einnig eftir iðnaðarhrærivél. Vinsamlegast hafið samband í síma 896 1323 (Hanna).

Sælkeri vikunnar er Harpa Grímsdóttir á Ísafirði

## Fylltar paprikur með kúskús

Við bjóðum upp á fylltar paprikur með kúskús í aðalrétt. Þetta er sælkeraréttur sem er í miklu uppáhaldi hjá okkur. Strákarnir okkar eru líka sérstaklega hrifnir af kúskús blöndunni. Avakadó forrétturinn er einfaldur en ótrúlega góður, enda „ættaður“ frá Stellu í Heydal. Báðir þessir réttir eru sérlega freistandi og girnilegir á borði.

### Forréttur:

#### Avakadó og rækjur

2 avakado – skorin langsöm til helminga  
1 dós sýrður rjómi  
1-1½ bolli rækjur  
1 matskeið chili sósa  
1 sítróna  
½ bolli púrrulaukur

Skerið innihaldið úr avakad-

óinu niður í litla bita en geymið „skeljarnar“ (hálf afakadó). Saxið púrrulaukinn niður í smáa bita. Blandið saman í skál avakadóinu, púrrulaukunum, rækjunum, chili sósunni, sýrða rjómanum og hæfulegu magni af sítrónusafa. Setjið í „skelina“ og leggið sítrónusneið yfir.

### Aðalréttur: Fylltar paprikur

6 stórar rauðar paprikur  
1 bolli kúskús  
1 bolli sjóðandi vatn  
20 g smjör  
¼ bolli rúsínur  
2 matskeiðar matarolífa  
1 laukur, saxaður smátt  
1 hvítlauksrif, pressað  
1 teskeið kóriander (krydd)  
2 teskeiðar cumín  
1 matskeið rifinn ferskur engifer  
1 meðalstór gulrót

1 meðalstórt eggaldin  
2-3 kartöflur  
1 tómatur  
1 bolli grænmetissoð (teningur + vatn)  
1 dós kjúklingabaunir, án vökva

Skerið „hattinn“ af paprikunum, geymið hann og fræhreinsið neðri hluta paprikunnar. Eldið kúskús eftir leiðbeiningum. Bætið við olíu/smjöri og rúsínum. Skerið grænmetið í litla bita. Hitið olíuna á stórru pönnu. Steikið lauk, hvítlauk, kóriander, cumín og engifer í smá stund. Bætið við restinni af grænmetinu, grænmetissoði og kjúklingabaunum. Sjóðið við vægan hita í um 20 mínútur eða þar til grænmetið er orðið mjúkt. Hrærið kúskús blöndunni saman við. Fyllið paprikurnar með kúskús



blöndunni og setjið þær í eldfast mót (með hattinum) og penslið með olíu.

Bakið við meðalhita í um 45 mínútur eða þar til paprikurnar eru orðnar mjúkar.

### Meðlæti

Gott er að hafa gott brauð með réttinum.

Einnig er hægt að hafa smátt skorið lambakjöt í kúskús blöndunni. Það höfum við þó aldrei prófað.

Við skorum á sælkerana Kidda og Heiðu nágranna okkar í Móholti 10 að kynna eitthvað spennandi í næstu viku.

# Nú kemstu örugglega í sund!

Sundlaugin er opin

Sumar

Vetur

Virka daga frá: 08 til 21

16 til 21

Um helgar frá: 10 til 18

10 til 18

Morgunsund miðvikudaga og föstudaga frá 08 til 10

## OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA

Skírdag	10-18
Föstudaginn langa	10-18
Laugardag fyrir páska	10-18
Páskadag	10-18
Annan í páskum	10-18

**Bolungarvíkurkaupstaður**



Ípróttamiðstöðin Árbær Bolungarvík - Sími: 456 7381

## *Páskaleikur á Náttúrugripasafninu*

**Prautaleikur fyrir börn, erfiðleikastig fer eftir aldri.  
Verðlaun fyrir þá sem klára.**

**Opið frá 13:00 - 17:00**

**– miðvikudag 27. mars, skírdag 28. mars og laugardag 30. mars –**

## *Ósvör – sjóminjasafn*

**Opið 13:00 - 17:00 laugardaginn 30. mars**

# Páskaréttir og -drykkir strákanna á hótelinu

standa í 5 mínútur við stofuhita áður en það er skorið.

## Sítrónu- og rósmarínlegið lambaprime með sítrónu- og steinseljusósu

0,8 kg. – 1 kg. lambaprime  
2 dl. olía  
2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir  
Safi og fínt rifinn börkur af tveimur sítrónum  
3 msk. rósmarínnálar  
1 tsk. nýmalaður pipar

Setjið allt í skál og blandið vel saman. Geymið svo í kæli yfir nótt eða við stofuhita í sirka fjórar klst. Sigtíð þá olíuna frá, hitið pönnu þar til hún er vel heit og steikið kjötið í fjórar til fimm mínútur eða þar til það er fallega brúnað á öllum hliðum. Setjið þá kjötið í ofnskúffu og bakið við 180° í sirka 8 mínútur. Takið þá kjötið úr ofninum og látið

## Sítrónu- og steinseljusósa

3-4 msk sykur  
1 dl. vatn  
1 lífill laukur, smátt saxaður  
Safi úr einni sítrónu  
Fínt rifinn börkur af tveimur sítrónum  
2 dl. lambasoð eða vatn og kraftur  
4 msk. steinselja, smátt söxuð  
40 gr. kalt smjör í teningum  
Salt  
Nýmalaður pipar

Setjið sykur og vatn í pott og látið sjóða þar til sykurinn er orðinn að ljósbrúnni karamellu. Bætið þá lauk, sítrónusafa, sítrónuberki og lambasoði í pottinn og látið sjóða í tvær mín. Takið pottinn af hellunni og bætið steinselju og smjöri í pottinn. Hrærið í með þísk þar til smjörið hefur bráðnað. Eftir það má sósan ekki sjóða. Bragðbætið sósuna með salti og pipar.

## Toblerone tiramisú

8-10 lífil glös  
150 gr. rjómaostur  
2 eggjarauður  
2 msk. sykur  
2 dl. rjómi, léttþeyttur  
10 fingurkökur  
1-2 dl. sterkt lagað kaffi  
100 gr. Toblerone, mjög fínt saxað

Hrærið rjómaost þar til hann fer að verða mjúkur. Þeytið eggjarauður og sykur saman þar til blandan verður létt og loftkennd. Blandið rjómaostinum saman við með

sleikju og síðan léttþeyttum rjómanum. Brjótið eina fingurköku í hvert glas og hellið kaffi yfir kökurnar, það er smekksatriði hversu mikið er



**Boss**  
2 cl. Captain Morgan  
2 cl. Malibu  
2 cl. Amaretto  
6 cl. Ananassafi

**Flödeskum**  
Óáfengur  
3 cl. Appelsínusafi  
2 cl. Ananassafi  
2 cl. Eplasafi  
2 cl. Rjómi  
Dass Grenadine



notað. Bíðið smá stund á meðan vökvinn er að blandast kökunum. Hellið smávegis af rjómakremi varlega ofan á kökurnar, stráðið söxuðu

Toblerone ofan á, kælið. Þennan rétt má útbúa 1-2 dögum áður en á að bera hann fram en hann á ekki að frysta.



## Verslunarrými til leigu í hjarta bæjarins

Austurvegur 2, Ísafirði - miðhluti verslunarhúsnæðis á 1. hæð. Fastanúmer: 211-9164. 90 m<sup>2</sup>. Upphaf leigutíma: 1. maí 2013.

Nánari upplýsingar gefur Fasteignasala Vestfjarða í síma 456 3244.



## Skrifstofurými til leigu í hjarta bæjarins

Hafnarstræti 1-3, 3. hæð í Stjórnsýsluhúsi. Fastanúmer: 211-9617, 114,7m<sup>2</sup> Upphaf leigutíma: Laust nú þegar.

Nánari upplýsingar gefur Fasteignasala Vestfjarða í síma 456 3244.







# Alltaf gaman hjá okkur!

Þeir eru hressir og skemmtilegir strákarinn á Hótel Ísafirði og á vinnustað þar sem mórallinn er góður, gerast skemmtilegir og effirminnlegir atburðir. Trausti Már Grétarsson, mat-reiðslumaður og Smári Helgason, þjónn tóku saman þrjár branasögur til að deila með lesendum. Auk þeirra deila þeir með okkur skemmtilegum uppskriftum fyrir páska.

Eitt skiptið kom breskur hópur, sem átti pantaðan mat hjá okkur um kvöldið. Þegar hópurinn var sestur niður við matarborðið og tilbúinn í kræsingarnar kom leiðsögumaðurinn inn og spurði hvað væri í matinn í kvöld. Smári svaraði um hæl að það væri grænmetissúpa með nýbökuðu brauði í forrétt, í aðalrétt væri lundi en þá brá svo við að hann greip þéttingsfast í handlegginn á Smára og segir: „Það má alls ekki vera, þetta hlýtur að vera einhver vitleysa, því fyrir þetta fólk

að borða lunda er eins og fyrir þig að borða páfagaukinn þinn.“ Þá kom í ljós að þetta voru fuglaskoðendur. Lundanum var snarlega skipt út fyrir gratíneraðan saltfisk og allir mjög ánægðir.

Smári þjónn getur stundum farið fram úr sér, þegar hann þeysist um í salnum á hóteliinu, ákafinn er stundum svo mikill. Þeir voru á eldhúsvaktinni, kokkarnir Trausti Már og Eiríkur og voru að undirbúa kvöldið. Allt í einu kemur Smári askvaðandi inn í eldhús, heyrir eitthvað í fréttunum um Arnold Schwarzenegger og spyr strákana: „Hvað var þetta með Arnold Schwarzenegger?“ – Eiríkur var fljótur til svars og sagði að hann hafði dáið í mótörhjólaslysi þá um nóttina. Smári hendist fram í sal, en þar voru um 30 vegagerðarmenn og tilkynnir þeim hátt og skýrt þessar sorgarfréttir. Kemur síðan aftur inn í eldhús og spyr

frekari fréttu um „slysið“. Þeir félagar í eldhúsinu skelltu þá upp úr og sögðust bara hafa verið að grínast. Fréttin hefði verið um skógarelda í Kaliforníu. Það var því ekki hátt á Smára risið þegar hann fór fram til að leiðrétta þessa „stórslysafrétt“.

Fjölskylduhlaðborðið hér á Hótel Ísafirði nýtur alltaf mikilla vinsælda og sérstaklega hjá fjölskyldum með unga krakka. Jólasveinarnir eru alltaf jafn vinsælir og stundum hafa kokkarnir tekið þátt í sprellinu með þeim. Eitt sinn var Stúfur að elta kokkinn Eirík og vildi ná af honum pönnu sem hann var með. Upp hófst mikill eltingaleikur og mikill hamagangur. Endaði þetta á því að Eiríkur hentist á læsta hurð á flóttanum og bæði handleggs- og ristarbrotnaði. Síðan þá hafa jólasveinarnir einungis séð um „skemmtiatriðin“ á hóteliinu á þessum kvöldum.

## Þjónustuauglýsingar

**Bílasala**  
**456 3800**  
**Bílaverkstæði**  
**456 4580**



**Suðurgötu 9**

Opíð  
10-18  
alla  
virka  
daga

# Hárkompaní

sími 456 6363



**Öll almenn húsasmíði**

**Bolungavík**  
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir  
**GLERBORG**

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði  
[www.verkvest.is](http://www.verkvest.is)




Sími í Bolungarvík 450 7900  
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

**H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf**  
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang [hekla.vestfj@hafsteinn.is](mailto:hekla.vestfj@hafsteinn.is)



**Söluumboð á Ísafirði**  
Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

# BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðþjónusta Smurþjónusta Smáviðgerðir Varahlutaþjónusta

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði  
Sími 456 3501 • [www.bilaverid.is](http://www.bilaverid.is)



**GRÁPOKINN**  
Fyrir óflokkaðan úrgang



Sími: 456 3710  
[gamarvest.is](http://gamarvest.is)



## Boltinn í beinni...

### Laugardagur 30. mars

kl. 12:35 Sunderland - Man. Utd.  
 kl. 15:00 Swansea - Tottenham  
 kl. 15:00 West Ham - WBA  
 kl. 15:00 Man. City - Newcastle  
 kl. 15:00 South. pt. - Chelsea  
 kl. 15:00 Arsenal - Reading  
 kl. 17:00 Celta - Barcelona  
 kl. 17:15 Everton Stoke

### Sunnudagur 31. mars

kl. 12:20 Aston Villa - Liverpool

### Mánudagur 1. apríl

kl. 11:20 Chelsea - Man. Utd  
 kl. 16:00 Leeds - Derby  
 kl. 18:50 Fulham - QPR

### Þriðjudagur 2. apríl

kl. 18:30 PSG - Barcelona  
 kl. 18:30 Bayern M - Juventus

### Miðvikudagur 3. apríl

kl. 18:30 Malaga - Dortmund  
 kl. 18:30 Real M. Galatasaray

## Dagar Íslands

**27. mars 1963:** Skagafjarðar-skjálftinn. Mikill jarðskálfti, um 7 stig, fannst víða um land.

Upptökin voru norður af mynni Skagafjarðar. Fólk nærri upptökunum var óttaslegið og sumir flýðu hús sín.

**28. mars 1956:** Samþykkt var á Alþingi, með 31 atkvæði gegn 18, að bandaríska varnarlíðið skyldi hverfa úr landi, enda yrði hér ekki her á friðartímum. Í nóvember var ákveðið að hætta viðræðum um brottför vegna óvissuástands í alþjóðamálum.

**29. mars 1970:** Henný Hermansdóttir, 18 ára danskennari, sigraði í keppninni Miss Young International í Japan.

**30. mars 1985:** Staðfest var að mótefni eyðiveiru (AIDS) hefðu í fyrsta skipti greinst í blóðsýni Íslendinga.

**31. mars 1990:** Viðbygging við Háskólabíó var tekin í notkun.

## Helgarveðrið

### Horfur á föstudag:

NA-átt og el, en úrkomu-laust á S-landi. Kólnandi veður.

### Horfur á laugardag:

Austanátt og kalt. Þurr á norðanverðum landinu, annars el, inkum við S- og SA-ströndina.

### Horfur á sunnudag:

Austlæg átt og bjart veður, en skúrir eða el með suðurströndinni. Heldur hlýnandi.

# Krossgátan

	Hræddur	Heilsar Maður	Möskva	Ísl.-stafur	Graf-reitur
	Tónn	Stafur			
	Lánaði			Skóli	
	1000	Fyrir-fólk		Korn	
Stofurnar Lést	Líf				
Jón Steingr.	Dvelur Skjálfi	Gortar Sömu Hönd		500	Land-spilda
Harmur				Sögn	
Hrísla Tala				Eldfjall	
				Eins um K Harð-leikni	
Grein-arnar			Hindri Skot Útbíar		
Gný Trjá-toppur Manni					
			Tónn		Tala
			Elska		Klafi
Rómur			Blástur Lær-dóminn		Sömu Erfið
Gnæfa yfir Venja					
Viður			Tímatal Umferð		Att Slæmu árfæri
Tala Efni				Tónn	Sakka Stafur
Tala Efni	Drap	Fæði			Fæði
Sæti				Preyta Sérhlj.	Æði
			Keip-ótt		



**Geirnaglinn ehf**

Trésmíðaverkstæði  
 Strandgötu 7b  
 400 Ísafirði  
 Sími: Þórhallur 848 2087  
 Sími: Magnús 862 3122  
 www.geirnaglinn.is



**HRADFRYSTIHÚSID-GUNNVÖR HF.**  
*- sjálfbær niðring sjávarauðlinda*



# Lausn á síðustu krossgátu

		Jón Steingr.	H	Ó	A
			R	E	M
			A	M	E
	↓		K	U	R
F	É	L	A	G	A
	G	Ý	G	U	R
	↓	T	A	M	I
	V	I	T	A	Ó
L	I	Ð	G	L	A
	L	S	V	E	R
	↓	M	E	E	M
	K	U	N	N	U
	V	Ö	N	D	R
	A	G	A	S	T
Æ	R	U	S	E	L
S	T	R	E	I	T
	A	⇒	Y	F	I

## Sudoku þrautir

6			4				8
	4	1			5		7
					1		2
9							1
		2		8		5	
	7						8
5			2				
	1		9			8	6
	3				7		1

		8					6
					4		5
	7	3			2		
2			9				1
		1	4		5	7	
	8				1		4
			5			3	2
	9		7				
	3						8



## BRÆÐRABORG

KAFFIHÚS & CAFÉ

### PÁSKADAGSKRÁ

#### Miðvikudagur 27. mars

20:00 - 01:00 Fondue kvöld

Ísfrski Svisslendingurinn Ralf Trylla stýrir kvöldinu.



©bb.is

#### Fimmtudagur 28. mars

20:00 - 23:00 PoppKviss með PoppKriss.

Trommuleikarinn, bókaormurinn og tónlistargúrúinn Kristján Freyr Halldórsson stýrir poppkvissi.



©gusti.is

#### Opnunartími í Bræðraborg yfir páskana

Mið. 09:00 - 01:00 - Fim. 09:00 - 23:00

Fös. og lau. 11:00 - 22:00 - Sun. og mán. 13:00 - 17:00

Bræðraborg, Aðalstræti 22, Sími 456-3322, www.borea.is

Fylgdu okkur á facebook



Íslandsbanki

Leikfélag Bolungarvíkur sýnir

# FÉLEGT FES

eftir Dario Fo

í leikstjórn Magnúsar Guðmundssonar

**Næstu sýningar:**  
 föstud. langa 29. mars kl. 15  
 laugard. 30. mars kl. 20

**Miðaverð 2.800**  
 Miðapantanir í síma 869 8284 / 866 6612  
 eða í netfanginu kristingudny@gmail.com


**Menningarráð Bolungarvíkur**

Fregga heita leikmenn eru verður að hatti Einarshösa fyrir sjónsmyndir í 2013. Þorðapantanir í síma 456-7901 eða 884-7901

Einarshösin



ER KOMINN TÍMI Á  
EINA KALDA?



Léttmjólk